



47. Ársþing Júðósambands Íslands

1. Þingsetning

2. Kosin kjörbréfanefnd

Tillaga stjórnar, Hans Rúnar Snorrason, Björn Halldórsson og Bjarni Friðriksson.
Samþykkt.

Kjörbréfanefnd skilar álitinu sínu.

Tillaga kjörbréfanefndar. UMFN skilaði of seint kjörbréfum sínum en nefnd leggur til að þingið samþykki kjörbréf þeirra. Samþykkt með öllum atkvæðum.

Tillaga kjörbréfanefndar. Pardus skilaði of seint kjörbréfi og kjörbréf stóðst ekki lög JSÍ um kjörgengi þingfulltrúa. Nefnd lagði til að kjörbréfi Pardusar yrði hafnað. Þingið hafnaði kjörbréfinu.

Nú félög voru mætt með nítján atkvæði.

3. Kosnir fastir starfsmenn þingsins

Fundarstjóri, Arnar Freyr Ólafsson, Samþykkt.

Fundarritari, Birkir Hrafn Jóakimsson, Samþykkt.

Starfsmenn taka til starfa.

4. Kosnar fastar nefndir:

1. a) Fjárhagsnefnd

Tillaga stjórnar, Kristján Daðason gjaldkeri JSÍ, Ásgeir Erlendur Ásgeirsson og Adam Brands Þórarinnsson.

Samþykkt skv. tillögu

2. b) Laga- og leikreglanefnd

Tillaga stjórnar, Bjarni Friðriksson, Björn Halldórsson og Hans Rúnar Snorrason.

Samþykkt skv. tillögu

3. c) Allsherjarnefnd

Tillaga stjórnar, Ari Sigfússon, Gunnar Jóhannesson og Bergur Pálsson

Samþykkt skv. tillögu

5. Fráfarandi stjórn gefur skýrslu sína

Jóhann Másson formaður tekur til máls og kynnir skýrslu stjórnar. Sjá nánar ársskýrslu JSÍ.

6. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga JSÍ til samþykktar.
Kristján Daðason tekur til máls og kynnir ársreikning JSÍ. Sjá nánar ársskýrslu JSÍ.
Ársreikningur borinn upp til samþykktar, samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.
7. Stjórn JSÍ leggur fram tillögu að fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár. Jóhann Másson kynnir hana og er hún síðan sendi til umfjöllunar í fjárhagsnefnd. Undir þessum lið tók Ingi Þór Ágústsson til máls en hann heiðraði þingið fyrir hönd framkvæmdastjórnar JSÍ.
8. Lagðar fram laga- og leikreglnabreytingar, sem fram hafa komið

Þingið samþykkti að leggja allar tillögur fyrir þingið þó svo að sumar hefðu borist of seint.

Þingskjal 1. Millipinganefnd leggur fram breytingar á gráðureglum JSÍ. Nefndina skipa, Adam Brands Þórarinsson, Bjarni Friðriksson, Jón Kristinn Sigurðsson og Tryggvi Þór Gunnarsson.

Þingskjal 2. Stjórn JSÍ leggur fram tillögu að lagabreytingu á 17 gr. laga JSÍ er varða kærur og dómstól.

Þingskjal 3. Stjórn JSÍ leggur fram tillögu að reglum fyrir aganefnd

Þingskjal 4. Stjórn Judodeildar Selfoss leggur fram tillögu að lagabreytingu á 10 gr. laga JSÍ er varða tækniráð, lágmarksgráðu manna í tækniráði og fl.

Þingskjal 5. Stjórn Judodeildar Selfoss leggur fram tillögu að lagabreytingu á 9 gr. laga JSÍ liður 14 er varðar lágmarksgráðu og formann dómarnefndar.

Þingskjal 6. Stjórn Judodeildar Selfoss leggur fram tillögu í mótareglur JSÍ. Varðar að banna notkun Koshi guruma hjá 14 ára og yngri.

Þingskjal 7. Stjórn Judodeildar UMFN leggur fram tillögu að lagabreytingu á 10 gr. laga JSÍ. Varðar hvort starfsmönnum JSÍ sé heimilt að gefa kost á sér í stjórn JSÍ.

Þingskjal 8. Stjórn Judodeildar UMFN leggur fram tillögu að lagabreytingu á 17 gr. laga JSÍ. Varða kærur og dómstól. Varðar sama efni og þingskjal 2.

Þingskjal 9. Stjórn Judodeildar UMFN leggur fram tillögu að nýrri lagagrein í lögum JSÍ. Varðar einelti, kynbundna áreitni, vanvirðandi framkomu.

Þingskjal 10. Stjórn Judodeildar Selfoss leggur fram eftirfarandi tillögur í mótareglur JSÍ. “Lágmarks gráðun dómara á ÍM og RIG verði 2. Dan.”

Þingskjal 11. Stjórn JSÍ leggur fram tillögu að lagabreytingu á 9.gr. laga JSÍ lið 16. breyta endurskoðendur í skoðunarmenn.

Þingskjal 12. Grein 3. Um störf JSÍ, viðbót um siðamál. “JSÍ starfar sjálfstætt og er hlutlaust er varðar stjórnarmál og trúarbrögð. JSÍ skal gæta jafnréttis og jafnræðis. Allir skulu vera jafnir fyrir lögum, reglugerðum og ákvörðunum JSÍ og nefnda á vegum JSÍ. Aðilar skulu njóta fullra réttinda án tillits til kynferðis, kynhneigðar, trúarbragða, skoðana, þjóðernis, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.”

Þingskjal 13. Gr. 10 um kjör stjórnar, lagfærð. “Skal kjósa bundinni leynilegri kosningu, formann fyrst og síðan aðra í stjórn. Stjórnin skiptir með sér verkum. Stjórnarmenn skulu kosnir til tveggja ára í senn, formaður og tveir stjórnarmenn á oddatölu ári en hinir fjórir árin á milli. Þannig er tryggt...”

Tillögum vísað til viðeigandi nefnda,

9. Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál, sem borist hafa til stjórnarinnar. Engin erindi bárust.

-Þinghlé-

10. Nefndarálit og tillögur og atkvæðagreiðslur um þær

1. c) Allsherjarnefnd

Engin mál bárust nefndinni og engar tillögur komu frá henni.

2. a) Fjárhagsnefnd

Engar tillögur né breytingar á fjárhagsáætlun frá nefnd. Lagt til frekari vinnu innan komandi stjórnar, samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

3. b) Laga- og leikreglanefnd

Þingskjal 1. Nefnd leggur til að verði samþykkt óbreytt.

Fulltrúi úr Júdódeild UMFN tók til máls varðandi 21 árs lágmarksaldur prófdómara. Fulltrúar Júdódeild KA tóku einnig til máls um tillöguna en aðrir kvöddu sér ekki hljóðs.

Tillaga millipinganefndar var samþykkt óbreytt.

Þingskjal 2. og þingskjal 8 sameinað. Nefnd leggur til breytingar og eftirfarandi tillögu ” Með öll ágreinings og kærumál innan hreyfingar Júdósambandsins skal farið skv. 4. kafla í lögum ÍSÍ um dómstóla ÍSÍ” Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Þingskjal 3. Leggur til að tillaga að reglum um aganefnd verði vísað til stjórnar til nánari útfærslu. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Þingskjal 4. Nefndin leggur til að tillögunni verði hafnað þar sem talið er að hún muni takmarka of mikið þá sem kæmu til greina í tilgreint starf og var það samþykkt.

Þingskjal 5. Nefndin leggur til að tillögunni verði hafnað þar sem talið er að hún muni takmarka of mikið þá sem kæmu til greina í tilgreint starf og var það samþykkt.

Þingskjal 6. Nefndin leggur til að tillaga verði samþykkt og var það gert.

Þingskjal 7. Tillaga að vísa til stjórnar, samþykkt.

Þingskjal 8. Sameinað þingskjali 2.

Þingskjal 9. Nefndin benti á að JSÍ er með hlekk á heimasíðunni sem vísar á heimasíðu ÍSÍ um þessi málefni. Þingið vísaði tillögunni til næstu stjórnar til nánari skoðunar.

Þingskjal 10. Nefndin leggur til að þessu verði hafnað og var það samþykkt.

Þingskjal 11. Nefndin leggur til að þessi tillaga verði samþykkt. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Þingskjal 12. Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Þingskjal 13. Nefnd leggur til að þessi tillaga verði samþykkt. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

11. Kosning heiðursformanns.

Engin tillaga

12. Önnur mál

Guðmundur Stefán Gunnarsson og Gunnar Örn Guðmundsson frá Júðódeild UMFN ræddu um ágreining UMFN og JSÍ sem hófst á síðasta ári. Jón Egilsson lögmaður JSÍ fór í pontu og lýsti málavöxtum og hvernig málin hefðu þróast en reynt var til hins ítrasta að ná sáttum.

Undir liðnum önnur mál voru einnig veittar viðurkenningar til þeirra sem áttu ekki heimangengt á uppskeruhátíðinni í desember. Edda Ósk Tómasdóttir og Jón Kristinn Sigurðsson bæði úr Judodeild KA fengu bronsmerki JSÍ fyrir störf í þágu judo íþróttarinar og Hans Rúnar Snorrason einnig úr judodeild KA var heiðursgráðaður í 2. Dan.

13. Kosnir 3 menn í aganefnd og 3 til vara.

Tillaga stjórnar, Jón Egilsson, Haraldur Baldursson og Gísli Jón Magnússon, (til vara, Tryggvi Gunnarsson, Víkingur Víkingsson og Daníel Reynisson) Samþykkt.

14. Kosnir 3 menn í dómarnefnd og 3 til vara

Tillaga stjórnar, Jón Kristinn Sigurðsson, Sævar Jóhann Sigursteinsson, Björn Sigurðarson (til vara, Birkir Hrafn Jóakimsson, Daníel Ólafsson og Yoshihiko Iura). Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

15. Kosning fulltrúa á ÍSÍ þing.

Tillaga um að vísa til stjórnar. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

16. Kosning stjórnar, varamanna í stjórn og endurskoðenda

Tillaga stjórnar, Til endurkjörs í aðalstjórn eru Kristján Daðason og Björn Sigurðarson. Úr stjórn ganga Bjarni Friðriksson og Hans Rúnar Snorrason en þeir gáfu ekki kost á sér í stjórnarkjör.

Stjórn JSÍ leggur til Arnar Frey Ólafsson og Ásgeir Erlendur Ásgeirsson sem aðalmenn.

Vernharð Þorleifsson býður sig fram.

Tillaga stjórnar að varamönnum eru Ari Sigfússon, Tryggvi Gunnarsson og Birgir Ómarsson.

Tillaga um Eddu Ósk Tómasdóttir, sem hún samþykkir.

Skoðunarmenn reikninga Runólfur og Gísli Jón Magnússon til vara.

Tillaga frá UMFN um Atla Gylfason sem skoðunarmann.

Kosning

Aðalstjórn:

Kristján Daðason	19 atkvæði
Björn Sigurðarson	18 atkvæði
Arnar Freyr Ólafsson	19 atkvæði
Ásgeir Erlendur Ásgeirsson	10 atkvæði
Vernharð Þorleifsson	9 atkvæði

Varastjórn:
Ari Sigfússon 14 atkvæði
Tryggvi Gunnarsson 13 atkvæði
Birgir Ómarsson 16 atkvæði
Edda Ósk Tómasdóttir 14 atkvæði

Skoðunarmenn reikninga

Runólfur Gunnlaugsson 14 atkvæði
Atli Gylfason 5 atkvæði

Gísli Jón Magnússon sjálfkjörin varamaður

17. Þingi slitið af formanni JSÍ kl. 15:53

Stjórn JSÍ 2018-2020

Nafn	Hlutverk	Kjörinn frá	Kjörinn til
Arnar Freyr Ólafsson	Meðstjórnandi	2018	2020
Ásgeir Erlendur Ásgeirsson	Meðstjórnandi	2018	2020
Björn Sigurðarson	Meðstjórnandi	2018	2020
Kristján Daðason	Meðstjórnandi	2018	2020
Birkir Hrafn Jóakimsson	Meðstjórnandi	2017	2019
Jóhann Másson	Formaður	2017	2019
Jón Hlíðar Guðjónsson	Meðstjórnandi	2017	2019
Ari Sigfússon	1. varamaður	2018	2019
Birgir Ómarsson	2. varamaður	2018	2019
Edda Ósk Tómasdóttir	3. varamaður	2018	2019